

Skýrsla stjórnar rannsóknarstofu í táknmálsfræðum

21.mars 2012 – 24.apríl 2013

Aðalfundur rannsóknarstofu í táknmálsfræðum var haldinn 21.mars 2012. Á þeim fundi var stjórnin endurkjörin (engin mótframboð bárust). Nokkur umræða var um styrki og styrkumsóknir og var ákveðið að taka saman dagatal/yfirlit yfir þá sjóði sem stofan gæti sótt í. Þetta hefur verið gert og var dagatalið síðast uppfært í janúar 2013. Uppfæra þarf dagatalið fyrir haustið 2013.

Verkefni á árinu:

Rannsóknarstofan fékk , í samvinnu við Noreg og Færeyjar, stóran styrk úr Nordplus Sprog á árinu 2012. Verkefnið sem ber heitið „Táknmálskennsla á vefnum“ beinist að vefnum signwiki. Í Noregi og Færeyjum er unnið að því að setja upp signwiki sambærilegt við það sem til er hér á landi. Á Íslandi snýst verkefnið um að vinna fræðilegar greinar um málfræði íslenska táknmálsins og gera aðgengilegar á signwiki. Vinna stendur yfir í öllum löndum og mun áfangaskýrslu verða skilað um miðjan júní 2013.

Í samvinnu við Málnefnd íslenska táknmálsins var haldið málþing um málumhverfi heyrnarlausra barna á degi íslenska táknmálsins, þann 11.febrúar 2013. Á málþinginu voru fluttir 4 fyrirlestrar auk ávarps mennta- og menningarmálaráðherra. Vigdís Finnbogadóttir verndari táknmála Norðurlanda setti málþingið og börn fluttu bæði ljóð og söng á ÍTM. Málþingið var vel sótt og tókst í alla staði vel.

Aðilar stofunnar hafa flutt fyrirlestra á ýmsum vettvangi um málfræði ÍTM, bæði hér heima og erlendis. Má þar t.d. nefna Hugvísindaping, Rask-ráðstefnu og FEAST ráðstefnuna sem haldin var í Varsjá 2012. Grein um málfræði ÍTM eftir fjóra málfræðinga innan stofunnar birtist í 34.hefti tímaritsins Íslenskt mál og almenn málfræði. Þrír aðilar stofnunarinnar hafa nú í tvö ár verið þátttakendur í evrópsku COST verkefni sem vinnur að því að gera drög að málfræði fyrir táknmál í Evrópu og hafa sótt fundi, vinnustofur og ráðstefnur á vegum verkefnisins.

Vinnuhópur um málfræðihugtök fundaði á árinu og var ákveðið að fá nemandan til að vinna að BA ritgerð efnið. Margrét Auður Jóhannesdóttir tók það að sér og vinnur nú að ritgerðinni.

Styrkur fékkst úr Nýsköpunarsjóði námsmanna sumarið 2012 og vann Árni I. Jóhannsson í tvo mánuði að því að skrá upplýsingar um þá táknmálstexta sem til eru á upptökum (hjá HÍ og SHH), skrá upplýsingar um málhafa og safna saman upplýsingum og leiðbeiningum um erlenda gagnagrunna táknmála.

Um miðbik ársins 2012 var Kristín Lena Þorvaldsdóttir málfræðingur ráðin til starfa á SHH. Verkefni Kristínar Lenu falla flest undir hatt rannsóknarstofunnar og vinnur hún einnig að því

að sækja um styrki fyrir verkefni sem falla undir stofuna. Það er því mikill fengur að ráðningu hennar.

Aðilar stofnunarinnar unnu að nokkrum umsóknum um styrki á árinu sem ýmist var hafnað eða svör hafa ekki borist. Þetta eru styrkir eins og í sjóð HERA (Humanities in the European Research Area) þar sem sótt var um styrk ásamt háskólum í Varsjá og Hamborg til að bera saman táknmál Pólverja í þessum þremur löndum. Styrkur fékkst því miður ekki. Styrkir sem sótt hefur verið um en ekki fengist svör við eru t.d. umsókn í HRELP sjóðinn (nánar í ELDP = endangered languages documentation programme) og nú síðast umsókn í Innviðasjóð Rannís. Í báðum tilvikum er sótt um styrk til að vinna að gagnagrunni og gagnasöfnun fyrir ÍTM (corpus).

Stjórnarfundir

Stjórn rannsóknarstofunnar hélt einn formlegan fund á árinu, þann 2. apríl 2013. Þar var rætt um yfirstandandi verkefni og ný eða hugsanleg verkefni sem stofan ætti að ráðast í. M.a. var rætt um að sækja um styrk til að gera „corpus“ (málheild) ÍTM og um signwiki, hvernig hægt væri að stuðla að því að signwiki yrði nákvæmara tæki til málfræðirannsókna og betra heimildasafn um ÍTM. Sú hugmynd að halda málstofu eða stofna vinnuhópa um signwiki rædd. Einnig var rætt um samvinnu stofunnar við málnefnd ÍTM og ritstjórn signwiki. Allir stjórnarmenn eru tilbúnir að sitja áfram í stjórn rannsóknarstofu.

24. apríl 2013,

Fyrir hönd stjórnar,

Rannveig Sverrisdóttir